

Fundargerð

Mánudaginn 27. júní 2011 kl. 10:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Kári Kárason, Vignir Á. Sveinsson, Þóra Sverrisdóttir og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2010
2. Kvennaskólinn
3. Bréf frá Heimilisiðnaðarsafninu dags. 23. maí 2011
4. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Ársreikningur 2010

Valgerður Hilmarsdóttir, fjármálastjóri Blönduósbæjar, mætti á fundinn. Lagður var fram ársreikningur byggðasamlagsins ásamt frávikagreiningu Stjórnin samþykkir ársreikning byggðasamlagsins árið 2010.

Valgerður yfirgefur fundinn.

2. Kvennaskólinn

Katharina verkefnastjóri í Háskólastrinu á Blönduósi mætti á fundinn og gerði grein fyrir þeim verkefnum sem verið er að vinna að innan veggja Kvennaskólans.

Katharina yfirgefur fundinn.

Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur að leigusamningi við Textílsetrið miðað við núverandi og áformaða starfsemi setursins í Kvennaskólanum.

3. Bréf frá Heimilisiðnaðarsafninu dags. 23. maí 2011

Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um niðurstöðu styrkumsóknar vegna rekstrarframlags til safnsins fyrir árið 2011.

Í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2011 tóku sveitarfélögin fjögur sem standa að byggðasamlaginu ákvörðun um rekstrarframlag til Heimilisiðnaðarsafnsins.

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún.

Framkvæmdastjóra falið að hafa milligöngu um að sveitarfélögin fjögur greiði Heimilisiðnaðarsafninu þann styrk sem ákveðinn var í fjárhagsáætlunargerð viðkomandi sveitarfélaga.

4. Önnur mál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu gagnavers á Blönduósi.

Formaður byggðasamlagsins greindi frá vinnuferð sem fyrirhuguð er til Hornafjarðar til að skoða samstarf sveitarfélagsins við heilsugæsluna á Hornafirði.

Stjórn samþykkir að fá Jón Óskar, framkvæmdastjóra SSNV, til fundar við byggðasamlagið til umræðu um atvinnumál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:10